

3. stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 7. maí 2024 kl. 15.00

Endurskoðun á samþykktum Félags eldri borgara á Akureyri.

Mætt voru: Karl Erlendsson, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Björn Snæbjörnsson, Þóra Hjaltadóttir, Valgerður Jónsdóttir, Margrét Alfreðsdóttir, Margrét Marvinsdóttir og Brynjólfur Ingvarsson.

Fjarverandi vegna veikinda: Guðný Fjóra Sigurðardóttir.

Formaður setti fund kl. 15.00. Áður en hópavinna hófst voru eftirtalin mál tekin fyrir:

1. Húsnæðiskönnun

Formaður sagði frá niðurstöðum húsnæðiskönnunar sem nú er nýlokið. Könnunin var send á 1922 netföng og svör bárust frá 673. Nánari skoðun verður gerð af EBAK.

2. Þing Landssambands eldri borgara

Þingið verður haldið á hótél Natura í Reykjavík þriðjudaginn þ. 14. maí. EBAK á 10 aðalfulltrúa og munu þeir allir mæta á þingið. Ekið verður suður upp úr hádegi á mánudag og gist í tvær nætur á hótél Natura. Um 200 fulltrúar hafa rétt á þingsetu þar af um 40 úr Reykjavík. Kosið verður milli þriggja fulltrúa í aðalstjórn þ.á.m. Þóru Hjaltadóttur í EBAK.

3. Húsnæði í Bugðusíðu

Varðandi fundar- og vinnuherbergi stjórnar, þá hefur formaður átt samskipti við fulltrúa í bæjarstjórn og ítrekað áhuga stjórnar á að fá norðausturherbergi neðri hæðar til afnota, en þar er nú stoðþjónusta. Það er ekki hægt að sinni en verið er að skoða aðra möguleika í húsnæðiskosti félagsstarfsins. Samtöl fara fram milli Höllu, Birnu og Karls Erl. formanns.

4. Fartölva

Stjórnin samþykkti að keypt yrði fartölva fyrir stjórn/formann.

5. Bókhald

Samið var við Enor um bókhald í samræmi við samþykkt framkvæmdaráðs.

6. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður 21. maí, þá verður gerð grein fyrir hópavinnu.

Nú hófst hópavinna samkvæmt því sem boðað hafði verið og fólki var skipt í þrjá hópa: Samþykktir félagsins, hlutverk nefnda o.fl. og hlutverk stjórnar o.fl. Þeirri vinnu lauk um kl. 16.15.

Valgerður Jónsdóttir, ritari stjórnar.

Karl Erlendsson
Margrét Alfreðsdóttir
Valgerður Jónsdóttir
Þóra Hjaltadóttir
Sigurður Harðarson
Björn Snæbjörnsson
Brynjólfur Ingvarsson

